

Stjórnskipunar – og eftirlitsnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur ritara
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík


Reykjavík, 26.4.2019
Málsnúmer: DSS201904-0204

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu upplýsingalögum nr. 140/2012 með síðari breytingum (útvíkkun gildissviðs o.fl.) 780. mál.

Dómstólasýslunni hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu upplýsingalögum nr. 140/2012 með síðari breytingum (útvíkkun gildissviðs o.fl.) 780. mál. Með bréfi forsætisráðuneytisins dags. 11.janúar sl. bárust dómstólasýslunni til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á upplýsingalögum.

Með bréfi dómstólasýslunnar dags. 30. janúar sl. til forsætisráðuneytisins kom fram að dómstólasýslan gerði í meginráttum ekki athugasemdir við þær breytingar sem leiða af frumvarpinu en dómstólasýslan vildi hins vegar leggja áherslu á að gerðabækur dómstólanna verði undanþegnar upplýsingarétti. Tekið hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda í fyrirbyggjandi frumvarpi og gerir dómstólasýslan því engar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar dómstólasýslunnar



Ólöf Finnsdóttir,
framkvæmdastjóri